

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (EES-reglur, hringrásarhagkerfið).

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

1. gr.

Á eftir orðunum „Markmið laga þessara er að“ í 1. málslíð 1. gr. laganna kemur: skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og.

2. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi: fóðurefnis sem ekki telst vera eða innihalda aukaafurðir úr dýrum, eins og það er skilgreint í reglugerð um notkun og markaðssetningu fóðurs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við skilgreininguna *Endurnýting* bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurnýting skiptist annars vegar í efnisendurnýtingu, þ.á m. undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu, og hins vegar í orkuendurnýtingu, þ.á m. uppvinnslu sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti.
- b. Skilgreiningin *Heimilisúrgangur (sorp)* orðast svo:
 - i. blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, viður, textill, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn.
 - ii. blandaður úrgangur frá öðrum uppruna og úrgangur frá öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað, sem er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum.Heimilisúrgangur felur ekki í sér úrgang frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyru, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrífsúrgang.
- c. Skilgreiningin *Lífrænn úrgangur* verður svohljóðandi: *Lífúrgangur*: lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, veitingastöðum, heildsölum, mótuneytum, veisluþjónustufyrirtækjum og smásölum, og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

- d. Skilgreiningin *Meðferð úrgangs* fellur brott.
- e. Orðið „endurnotkun“ fellur brott úr skilgreiningu á hugtakinu *Meðhöndlun úrgangs*.
- f. Skilgreiningin *Sérstök söfnun* verður svohljóðandi: söfnun þar sem úrgangsflokkum er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, s.s. undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu.
- g. Eftirfarandi orðskýringar bætast við í viðeigandi stafrófsröð:
 1. *Almennur úrgangur*: úrgangur annar en spilliefni.
 2. *Byggingar- og niðurrífsúrgangur*: allur sá úrgangur sem til kemur vegna byggingar- og niðurrífsstarfssemi, þ.á m. vegna viðhalds og breytinga á líftíma þeirra, og niðurrífs mannvirkja. Skilgreining þessi tekur jafnframt til úrgangs sem stafar frá minni háttar byggingar- og niðurrífsstarfsemi almennings á einkaheimilum.
 3. *Fylling*: sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á grafrarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er alveg nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi
 4. *Lífrænn úrgangur*: úrgangur sem er niðurbryótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. lífúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír og pappi, og seyra.
 5. *Matarúrgangur*: matvæli sem orðin eru að úrgangi. „Matvæli“ eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmis og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.

4. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við gerð stefna og svæðisáætlana og töku ákvarðana um fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs skal nota efnahagsleg stjórnþætti og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsroðunar við meðhöndlun úrgangs sem kemur fram í 1. mgr.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi:

Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara, og reglugerða settra samkvæmt þeim, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu, verði náð í sveitarfélaginu.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Sérstök söfnun og flokkun úrgangs.

Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisuðgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Sérstök söfnun á pappír, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús

og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila og aldrei fjær viðkomandi byggingu en 100 metrum. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að þau uppfylli skyldur sínar hvað varðar töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram á söfnunarstöðvum sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá framangreindum ákvæðum um sérstaka söfnun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, ásamt nánari skilyrðum sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, sbr. 43. gr:

- söfnun tiltekinna tegunda úrgangs saman hefur ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda,
- sérstök söfnun skilar ekki bestu niðurstöðunni fyrir umhverfið,
- sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg, eða
- sérstök söfnun myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað.

Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Við meðhöndlun úrgangs skal notast við samræmdar merkingar fyrir a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundir: pappír, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni, sbr. nánari ákvæði í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja, sbr. 43. gr.

Byggingar- og niðurrifsúrgangur skal flokkaður á upprunastað í a.m.k. eftirfarandi flokka: spilliefni, við, steinefni, málm, gler, plast og gifs.

Lögaðilum er skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við ákvæði 54. mgr. og 1. mgr. 11. gr.

Óheimilt er að senda úrgang sem hefur safnað hefur verið sérstaklega, sbr. 1. mgr., til brennslu nema þær leifar sem eftir verða og henta ekki til endurvinnslu.

Óheimilt er að urða úrgang sem safnað hefur verið sérstaklega, sbr. 1. mgr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- Við 1. mgr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í því skyni skal stuðla að undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu.
2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

1. málsl. ásamt a. lið 1. mgr. verður svohljóðandi: Úrgangur sem hefur verið endurunnninn eða farið í gegnum aðra endurnýtingaraðgerð hættir að vera úrgangur þegar hann uppfyllir þær sértæku viðmiðanir sem ráðherra setur í reglugerð um lok úrgangsfasa, sbr. 43. gr., í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
 - efnið eða hluturinn eru ætluð til notkunar í sérstökum tilgangi.
2. mgr. fellur brott.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Einstaklingur eða lögaðili sem tekur í notkun efni eða hlut í fyrsta skipti eftir að hann hættir að vera úrgangur í samræmi við 1. mgr., eða setur slíkt efni eða hlut á markað í fyrsta skipti skal tryggja að efnið eða hluturinn uppfylli kröfur efnalaga og viðeigandi reglugerða settra samkvæmt þeim.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

- a. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: og vegna uppsetningar og reksturs nauðsynlegra innviða.
- b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skyld er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila.
- c. 4. málsl. 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „fræða almenning“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og lögaðila.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Fræðsla til almennings og lögaðila.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

- a. Á eftir aa-lið koma tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 1. bb. undanþágur frá sérstakri söfnun úrgangs, sbr. 10. gr.
 2. cc. samræmdar merkingar úrgangstegunda, sbr. 10. gr.
- b. Bb-liður verður dd-liður.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsl. 1. mgr. 10. gr. svohljóðandi: Sérstök söfnun skal vera á spilliefnum frá heimilum, sbr. 1. mgr. 10. gr.
- b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Hafi blöndun spilliefna orðið án þess að fullnægt hafi verið skilyrðum a- og b-liðar 3. mgr. skal aðskilja spilliefnin, svo fremi sem það sé tæknilega gerlegt. Sé slíkt ekki mögulegt skal tryggt að viðkomandi blanda verði færð til viðeigandi meðhöndlunar, sbr. 9. gr.

13. gr.

1. mgr. 56. gr. laganna verður svohljóðandi: Handhafar spilliefna, og ef við á seljendur og miðlarar spilliefna, skulu skrá upplýsingar í rafrænt skráningarkerfi um magn, eðli og uppruna spilliefna sem falla til hjá þeim, sem þeir safna, flytja eða meðhöndla á annan hátt.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Lífúrgangi skal safnað sérstaklega, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr., og hann meðhöndlaður í samræmi við 1. mgr. þessa ákvæðis.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2020, nema ákvæði 6. gr. (10. gr. laganna) sem öðlast gildi 1. október 2020.

16. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum:

- a. 2. málslíður 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Félagið skal stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, eða komi þeim annars til förgunar.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Í því eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs og tilskipun (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar er innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs og tilskipun (ESB) 2018/851 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang, sem ráðgert er að verði teknar upp í EES-samninginn vorið 2020.

Þrátt fyrir að tilskipanirnar hafi ekki enn verið teknar upp í EES-samninginn þá þykir mikilvægt að innleiða þær nú í ljósi þess hversu mikilvægt er að skapa skilyrði fyrir myndun svokallaðs hringrásarhagkerfis í íslenskri löggjöf í því skyni að ýta undir bætta endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og draga verulega úr myndun hans.

Tilskipanirnar eru tvær af fjórum tilskipunum sem eru tilkomnar í kjölfar yfirgripsmikillar endurskoðunar á Evrópulöggjöfinni um úrgang, sem hefur þann megintilgang að innleiða hringrásarhagkerfi (e. circular economy) og slíta tengslin milli hagvaxtar og myndunar úrgangs. Með þessari endurskoðun úrgangslöggjafarinnar er stefnt að því að Evrópa verði í fararbroddi í heiminum þegar kemur að úrgangsmálum og er lagt upp með að gera framleiðslu og neyslu í álfunni sjálfbæra, að draga úr myndun úrgangs og að varðveita auðlindir með því að halda hráefni í hringrás.

Tilskipun 2018/851

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 felur í sér ýmsar breytingar á tilskipun 2008/98/EB um úrgang og ber helst að nefna eftirfarandi atriði:

* Markmiðsákvæði tilskipunarinnar er breytt þannig að tilskipunin skapi skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis.

* Sú skylda er lögð á aðildarríkin að nota efnahagsleg stjórnþætti og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsriðunar við meðhöndlun úrgangs sem kemur fram í tilskipuninni. Við tilskipunina bætist nýr viðauki, viðauki IVa, sem inniheldur 15 dæmi um slík efnahagsleg stjórnþætti og ráðstafanir. Kerfi fyrir „borgaðu þegar þú hendir“ (e. pay-as-you-throw) er eitt þeirra dæma.

* Ákvæðum tilskipunarinnar um lok úrgangsfasa er breytt og skylda aðildarríkjanna til að tryggja að úrgangur sem hefur verið endurunnninn eða endurnýttur hætti að vera úrgangur ef hann uppfyllir tiltekin skilyrði er gerð skýrari.

* Nýtt ákvæði kemur í stað eldra ákvæðis um endurnýtingu úrgangs, þar sem undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs er gert hærra undir höfði og styður ákvæðið þannig betur við þá forgangsriðun sem er í gildi við meðhöndlun úrgangs. Þá er orðalagi ákvæðisins varðandi skyldu til sérstakrar söfnunar einstakra úrgangstegunda breytt og felldur brott fyrirvari um að sérstök söfnun eigi einungis við sé það tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Því er skýrara en áður var að almenna reglan felst í sérstakri söfnun. Það er jafnframt sérstaklega kveðið á um það í hvaða undantekningatilvikum aðildarríkin hafa

heimild til að víkja frá skyldunni um sérstaka söfnun, sem þeim ber að tilkynna sérstaklega til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Að auki kveður ákvæðið á um skyldu aðildarríkja til að tryggja að úrgangur sem hefur verið safnað sérstaklega til undirbúnings fyrir endurnotkun eða til endurvinnslu endi ekki í brennslu.

* Ákvæði tilskipunarinnar um endurnotkun og endurvinnslu er breytt með þeim hætti að aðildarríkjum er nú gert skylt að gera ráðstafanir til að stuðla að og hvetja til starfsemi sem felur í sér undirbúning fyrir endurnotkun. Einnig er felldur brott fyrirvari um að sérstök söfnun úrgangs til endurvinnslu eigi einungis við sé það tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að aðildarríkin skuli koma á fót sérstakri söfnun textílúrgangs, til viðbótar við sérstaka söfnun á pappír, málm, plasti og gleri sem var skylda samkvæmt tilskipun 2008/98/EB. Einnig skulu aðildarríkin tryggja flokkun á byggingar- og niðurrífsúrgangi. Þá eru sett fram ný markmið um endurvinnslu heimilisúrgangs (þar er undirbúningur fyrir endurnotkun innifalinn) sem aðildarríkjum ber að ná: að lágmarki 55% árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% fyrir árið 2035.

* Ákvæði tilskipunarinnar um kostnað við meðhöndlun úrgangs er lítillega breytt og nú er skýrt að innifalið í þeim kostnaði er uppsetning og rekstur nauðsynlegra innviða.

* Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki skuli setja upp sérstaka söfnun á spilliefnum frá heimilum fyrir 1. janúar 2025.

* Í tilskipuninni kemur nýtt ákvæði um lífrænan úrgang í stað eldra ákvæðis. Fram til þessa hefur íslensk þýðing á enska hugtakinu bio-waste útlagst sem lífrænn úrgangur en nú verður sú breyting á íslenska hugtakinu að það verður skilgreint sem lífúrgangur. Í ákvæði tilskipunarinnar er aðildarríkjum gert að tryggja að lífúrgangur sé annað hvort aðskilinn og enduruninn á upprunastað eða að honum sé sérstaklega safnað þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangi. Þó er heimilað að safna með lífúrgangi öðrum úrgangi sem hefur sambærilega eiginleika við lífrænt niðurbrot og myltingu og lífúrgangur hefur. Aðildarríkjunum er enda gert skylt að grípa til ráðstafana sem hvetja til endurvinnslu lífúrgangs yfir í hágæða afurðir og styðja við notkun afurða úr lífúrgangi. Aðildarríkjunum er einnig gert að hvetja til heimajarðgerðar.

* Ákvæði tilskipunarinnar um skráningar á spilliefnum er breytt og nú er kveðið á um að handhafar spilliefna skuli skrá upplýsingar í rafrænt skráningarkerfi um magn, eðli og uppruna spilliefna sem falla til hjá þeim, sem þeir safna, flytja eða meðhöndla á annan hátt. Skyldan til að setja upp slíkt skráningarkerfi hvílir á aðildarríkjum.

* Í tilskipuninni er sett fram nýtt ákvæði sem kveður á um almennar lágmarkskröfur sem gerðar eru til kerfa sem byggja á framlengdri framleiðendaábyrgð (e. extended producer responsibility scheme), en það eru kerfi ráðstafana til að tryggja að framleiðendur vöru beri fjárhagslega ábyrgð, eða fjárhags- og skipulagslega ábyrgð, á meðhöndlun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi. Kröfurnar gilda hvort tveggja um ný kerfi og um kerfi sem þegar voru til staðar við gildistöku tilskipunarinnar. Úrvinnslusjóður, sem settur var á fót með lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, telst til kerfis sem byggir á framlengdri framleiðendaábyrgð. Um kerfi sem voru til staðar við gildistöku tilskipunarinnar, líkt og Úrvinnslusjóður, gildir að aðildarríkjum ber að tryggja að þau uppfylli kröfurnar eigi síðar en 5. janúar 2023. Í því ljósi verður ákvæði tilskipunarinnar um almennar lágmarkskröfur sem gerðar eru til kerfa sem byggja á framlengdri framleiðendaábyrgð ekki innleitt að svo stöddu. Það mun verða gert síðar ásamt því að fyrirséð er að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang. Sú tilskipun kveður m.a. á um að fyrir árslok 2024 skuli aðildarríki taka upp framlengda framleiðendaábyrgð fyrir allar umbúðir.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarps þessa eru eftirfarandi 2 atriði og verður vikið að hverju og einu þeirra í sérstökum köflum hér á eftir.

1. Innleiðing tilskipunar (ESB) 2018/850 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs.
2. Innleiðing tilskipunar (ESB) 2018/851 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang.

3.1. Innleiðing tilskipunar (ESB) 2018/850 um urðun úrgangs.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/850 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs. Í frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að urða úrgang sem hefur verið safnað sérstaklega til undirbúnings fyrir endurnotkun (e. preparation for re-use) og til endurvinnslu (e. recycling), í samræmi við markmið tilskipunarinnar um að draga úr urðun úrgangs, sér í lagi úrgangs sem hentar til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar, og styðja þannig við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

3.2. Innleiðing tilskipunar (ESB) 2018/851 um úrgang.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á markmiðsákvæði laga um meðhöndlun úrgangs með hliðsjón af tilskipuninni og að auki eru lagðar til nýjar skilgreiningar ásamt breytingum á nokkrum núgildandi skilgreiningum laganna. Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæði laganna um endurnýtingu þannig að kveðið verði á um að stuðlað skuli að undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs. Lagt er til að komið verði á skyldu til sérstakrar söfnunar fleiri úrgangstegunda en í núgildandi lögum sem og skyldu til flokkunar einstaklinga og lögaðila á þeim úrgangstegundum, ásamt því sem lagt er til að skylt verði að notast við samræmdar merkingar vegna úrgangs. Jafnframt er lagt til að skylt verði að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang á upprunastað. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að óheimilt verði annars vegar að senda úrgang úr sérstakri söfnun til brennslu, nema þær leifar sem eftir verða og henta ekki til endurvinnslu, og hins vegar að urða úrgang sem safnað hefur verið sérstaklega. Þá eru lagðar til breytingar sem varða heimildir sveitarfélaga til innheimtu gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs. Annars vegar þannig að sveitarfélögum verði skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og hins vegar á þann hátt að ekki verði heimilt að ákveða gjald fyrir meðhöndlun úrgangs sem fast gjald á hverja fasteignareiningu.

Í frumvarpi þessu er einnig lögð til breyting á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, hvað varðar endurvinnslu skilagjaldsskyldra umbúða.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Að mati ráðuneytisins gefur frumvarpið ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Frumvarpið er m.a. sett fram til að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu og mat á áhrifum frumvarps til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs fóru í samráðsgátt Stjórnarráðsins 11. október 2019 og var umsagnarfrestur til 25. október 2019. Ein umsögn barst og var hún höfð til hliðsjónar við vinnslu frumvarpsins.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarp þetta mun hafa áhrif á almenning, stofnanir, sveitarstjórnir og fyrirtæki í landinu.

Markmið með frumvarpinu er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs, sem og að leggja bann við urðun úrgangs sem hefur verið safnað sérstaklega til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

Frumvarpið mun hafa í för með sér að einstaklingum og lögaðilum verður gert skylt að flokka heimilisúrgang, sem er lykilatriði þegar kemur að því að auka endurvinnslu heimilisúrgangs, sem og að þeir muni geta losað sig við tiltekna úrgangsflokka við íbúðarhús sín eða atvinnuhúsnæði. Þá verður lögaðilum jafnframt gert skylt að flokka rekstrarúrgang, sem mun t.d. hafa áhrif á fyrirtæki sem flokka byggingar- og niðurrifsúrgang á framkvæmdasvæðum.

Frumvarpið mun hafa áhrif á atvinnulífið þar sem gert er ráð fyrir skyldu til sérstakrar söfnunar einstakra úrgangstegunda. Sérstök söfnun hefur í för með sér aukna flokkun, sem kallar á aukna þjónustu, sem mun hafa áhrif á fyrirtæki sem sinna sorphirðu.

Frumvarpið mun hafa áhrif á Endurvinnsluna hf. vegna breytinga á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur hvað varðar breytta forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs.

Frumvarpið mun hafa áhrif á sveitarfélög. Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um sérstaka söfnun og flokkun úrgangs á tilteknum úrgangsflokkum, að lágmarki. Lagt er til að sveitarfélögum verði skylt að viðhafa sérstaka söfnun á tilteknum úrgangstegundum við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Að auki er lagt til að sveitarfélögum verði ekki áfram heimilað að ákveða gjald við meðhöndlun úrgangs sem fast gjald á hverja fasteignareiningu og mun það krefjast nýrra útfærslna við innheimtu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting á markmiðsákvæði laga um meðhöndlun úrgangs að það innifeli það markmið að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis.

Greinin er sett til innleiðingar á 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til breyting á gildissviði laga um meðhöndlun úrgangs vegna innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/851. Lagt er til að lögin taki ekki til fódurefnis sem ekki telst vera eða innihalda aukaafurðir úr dýrum, eins og það er skilgreint í reglugerð um notkun og markaðssetningu fódurs.

Greinin er sett til innleiðingar á 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna breytingar á skilgreiningum sem fyrir eru í 3. gr. laganna og sex nýjar skilgreiningar.

Breyttar eða nýjar skilgreiningar í a-c-lið og í 2., 3, 4. og 6. tölul. g-liðar eru til samræmis við 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Í d-lið er lagt til að skilgreining á meðferð úrgangs falli brott í ljósi þess að lítið sem ekkert er notast við skilgreininguna.

Í e-lið er lagt til að orðið „endurnotkun“ falli úr skilgreiningu á hugtakinu meðhöndlun úrgangs. Hugtakið endurnotkun er einkum notað um vöru sem telst ekki úrgangur og notuð er í sama tilgangi og hún var ætluð í upphafi. Að öðru leyti er skilgreiningin samhljóða nógildandi lögum.

Í f-lið er lögð til breyting á skilgreiningunni á sérstakri söfnun. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting þannig að halda skuli úrgangsflokkum aðskildum en ekki straumi úrgangs. Í öðru lagi er lagt til að ekki verði lengur tiltekið að úrgangsflokkum sé haldið aðskildum á „einhverjum tímapunkti í söfnuninni eða flokkun úrgangsins“, og er það í samræmi við skilgreiningu tilskipunar 2008/98/EB á sérstakri söfnun. Í þriðja lagi er lagt til að við skilgreininguna bætist „s.s. undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu til samræmis í samræmi við tillögu að nýju ákvæði um sérstaka söfnun.

Í 1. tölul. g-liðar er lagt til að skilgreiningu á hugtakinu almennur úrgangur, sem hefur verið skilgreint í reglugerð um urðun úrgangs, verði bætt við lögin til skýringarauka.

Í 5. tölul. g-liðar er lögð til ný skilgreining á lífrænum úrgangi til samræmis við skilgreiningu á 'biodegradable waste' í tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ný málsgrein bætist við 7. gr. laganna, þannig að tiltekið verði að við gerð stefna og svæðisáætlana og töku ákvarðana um fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs skuli nota efnahagsleg stjórnæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsroðunar við meðhöndlun úrgangs sem kemur fram í 1. mgr. 7. gr. Sem dæmi um efnahagsleg stjórnæki og aðrar ráðstafanir má nefna gjöld og takmarkanir varðandi urðun og brennslu úrgangs, sem hvetja til forvarna gegn myndun úrgangs og endurvinnslu um leið og urðun verður lakasti valkosturinn fyrir úrgangsstjórnun, og kerfi fyrir „borgaðu þegar þú hendir“, sjá nánari umfjöllun þar um í skýringum við 9. gr.

Greinin er sett til innleiðingar á 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 5. gr.

Tilgangurinn með 5. gr. er að tryggja að fyrirkomulagi söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu sé ávallt þannig hagað að það stuðli að því að markmiðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim verði náð í sveitarfélaginu, sem er á ábyrgð sveitarfélaga.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 10. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að titill greinarinnar verði „Sérstök söfnun og flokkun úrgangs“ í staðinn fyrir „Endurnotkun og endurvinnsla“ í ljósi þess að í tilskipun (ESB) 2018/850 eru settar fram auknar kröfur á aðildarríki um endurvinnslu heimilisúrgangs og í tilskipun (ESB) 2018/851 er sérstök áhersla lögð á heimilisúrgang.

Flokkun og sérstök söfnun úrgangs eru lykilatriði þegar kemur að því að stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu heimilisúrgangs og draga úr magni úrgangs sem fer í endanlega förgun. Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar er það gert skýrara en áður að almenna reglan við meðhöndlun úrgangs er sérstök söfnun þar sem felldur er brott fyrirvari um að sérstök söfnun

skuli eiga sér stað þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Þá er tiltekið að koma skuli í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika, en skylda til sérstakrar söfnunar úrgangs felur í sér að úrgangur sé geymdur aðskilinn eftir tegund hans og eðli. Þó verður mögulegt að sækja um undanþágur þar frá, sbr. 2. mgr., m.a. til söfnunar á tilteknum tegundum úrgangs saman að því gefnu að það hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar úrgangsins.

Í 2. málsl. 1. mgr. er lagt til að sérstök skylda verði til flokkunar á fleiri úrgangstegundum en í núgildandi ákvæði laganna. Þannig er lagt til að til viðbótar við sérstaka söfnun á pappír, málmum, plast og gleri, skuli jafnframt safna sérstaklega lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Er það til samræmis við ákvæði tilskipunar (ESB) 2018/851.

Í 3. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að sérstök söfnun á pappír, plasti og lífúrgangi skuli fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Í 4. málsl. segir að söfnunin skuli fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila og aldrei fjær viðkomandi byggingu en 100 metrum. Rétt er að vekja athygli á að hvað varðar aðra úrgangsflokka en lífúrgang er, með fyrrgreindum áskilnaði um söfnun við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli, gengið lengra en nauðsynlegt er til þess að innleiða tilskipun (ESB) 2018/851 í landsrétt. Ástæða þess að lagt er til að gengið verði lengra en tilskipunin mælir fyrir um er fyrst og fremst að auka flokkun á úrgangi og stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu hans. Svo auka megi flokkun á úrgangi og aðgengi að flokkun úrgangs þarf það að vera eins auðvelt og aðgengilegt og mögulegt er fyrir almenning að losa sig við flokkaðan úrgang, sbr. jafnframt þá skyldu sem lögð er á einstaklinga og lögaðila til flokkunar í 3. mgr. Þá þykir sérstök söfnun úrgangsflokka við heimili (e. door-to-door collection) vera sú söfnun úrgangs sem talin er leiða til herra endurvinnsluhlutfalls og betri gæða endurvinnanlegra efna heldur en aðrar útfærslur á söfnun úrgangs, s.s. blönduð söfnun og söfnun í grenndargáma, sbr. niðurstöður skýrslu sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 2015 þar sem mat var lagt á kerfi sérstakrar söfnunar í 28 höfuðborgum Evrópu. Sé miðað við niðurstöður SORPU bs. á samsetningu heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu árið 2018 má gera ráð fyrir að með því að gera sérstaka söfnun á fyrrgreindum þremur úrgangsflokkum, pappír, plasti og lífúrgangi, að skyldu megi ná tæplega 80% af þeim úrgangi sem í núverandi framkvæmd fellur til sem blandaður úrgangur á höfuðborgarsvæðinu. Fjarlægðarmörk þau sem tiltekin eru í 3. málsl. 1. mgr. eru lögð til þar sem rétt þykir að hámark sé á því hversu langa vegalengd þurfi að fara með þann úrgang sem safna skal innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila, ásamt því að gefa þeim sem veita þjónustu við sorphirðu ákveðið svigrúm. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. er fyrirætlunin ekki sú að breyta núverandi fyrirkomulagi hvað varðar sérstaka söfnun á grófum úrgangi, þ.e. fyrirferðarmiklum umbúðum og slíku úr pappír og plasti, eða garðaúrgangi, sem fellur undir skilgreiningu á lífúrgangi, þar sem betur þykir fara á með að slíkum úrgangi sé safnað á söfnunarstöðvar frekar en innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða hjá lögaðilum í þéttbýli. Nánari útfærsla á hinni sérstöku söfnun, svo sem hversu mörg sorpílát verða notuð, verður sveitarstjórnar að ákveða.

Í 5. málsl. 1. mgr. segir að sveitarfélögum sé heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að þau uppfylli skyldur sínar hvað varðar töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þótti sýnt að söfnun á gleri og málmum í grenndargáma eða á söfnunarstöðvum væri árangursríkasta leiðin til að auka endurvinnslu á þeim úrgangsflokkum.

Í 6. málsl. 1. mgr. er fjallað um sérstaka söfnun á spilliefnum og að hún skuli fara fram á söfnunarstöðvum sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Er það til samræmis

við núverandi framkvæmd. Þess ber að geta að árið 2020 verður í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu unnið að útfærslu á sérstakri söfnun spilliefna frá heimilum, með það að markmiði að færa söfnun á spilliefnum nær almenningi. Er þá ekki átt við að spilliefnum verði safnað upp við hvert heimili heldur að þjónusta verði sem næst heimilum.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um sérstaka söfnun, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sem verða útfærð nánar í reglugerð. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun (ESB) 2018/851, sem kveður jafnframt á um að aðildarríkjum beri að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um veittar undanþágur, eigi síðar en 31. desember 2021. Í tilviki Íslands yrði slík skýrsla lögð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA (e. EFTA Surveillance Authority, ESA).

Um leið og almenna reglan við meðhöndlun úrgangs er gerð skýrari og sérstök söfnun að skyldu, sbr. 1. mgr., er nauðsynlegt að flokkun heimilisúrgangs verði einnig gerð að skyldu, sbr. 3. mgr., þar sem virk þátttaka almennings hvað varðar flokkun er undirstöðuatriði þegar kemur að sérstakri söfnun úrgangs. Í 3. mgr. er einstaklingum og lögaðilum því gert skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við skyldu til sérstakrar söfnunar í 1. mgr. Við það stofnast skylda á sveitarfélög til að þjónusta íbúa og lögaðila þannig að þeim sé kleift að flokka heimilisúrgang.

Í 4. mgr. er lagt til að komið verði á skyldu til samræmdra merkinga fyrir a.m.k. þær úrgangstegundir sem safna skal sérstaklega. Með tilkomu skyldunnar til sérstakrar söfnunar er nauðsynlegt að merkingar verði samræmdar þannig að flokkun úrgangs verður samræmd á landsvísu og mun slík samræming gera einstaklingum og lögaðilum auðveldara með að uppfylla skyldu sína um að flokka heimilisúrgang. Með slíkum samræmdum merkingum verður mögulegt að samræma fræðslu á landsvísu. Í reglugerð verður kveðið nánar á um útfærsluna en gert er ráð fyrir að hver úrgangstegund fái sitt merki og sinn einkennislit og að merkingarnar beri að nota við alla meðhöndlun úrgangs, alls staðar á landinu. Ekki er ætlunin að kveðið verði á um fjölda íláta, stærð þeirra eða gerð að öðru leyti.

Í 5. mgr. er lagt til að komið verði á skyldu til flokkunar á byggingar- og niðurrifsúrgangi á upprunastað, í a.m.k. tiltekna flokka, en slík flokkun ætti m.a. að stuðla að betri meðferð og nýtingu þess háttar úrgangs og draga úr losun óæskilegra efna út í vatn og jarðveg.

Í 6. mgr. greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að óheimilt verði að senda úrgang úr sérstakri söfnun til brennslu nema þær leifar sem eftir verða og henta ekki til endurvinnslu og í 7. mgr. greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um að óheimilt sé að urða úrgang sem safnað hefur verið sérstaklega. Er það gert til að reyna að tryggja að úrgangur fari í undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðra endurnýtingu í samræmi við forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs, þannig að brennsla verði næst lakasti kosturinn og urðun sá síst ákjósanlegasti.

Greinin, að undanskildum 4. og 7. mgr., er sett til innleiðingar á 11. og 12. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851. 7. mgr. er sett til innleiðingar á b-lið 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/850.

Um 7. gr.

Greinin er í samræmi við þá skyldu aðildarríkja samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/851 að stuðla að undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu.

Í greininni er lagt til að 2. mgr. 11. gr. laganna verði felld brott. Er það til samræmis við þær auknu kröfur um sérstaka söfnun úrgangs sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins.

Greinin er sett til innleiðingar á 12. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að orðalagi 1. mgr. 21. gr. laganna verði breytt þannig að ákvæðið endurspegli betur nýtt orðalag tilskipunar (ESB) 2018/851 og að 2. mgr. verði felld brott. Einnig er lagt til að lögfest verði skylda fyrsta notanda efnis eða hlutar eftir að hann hættir að vera úrgangur, eða setur slíkt efni eða hlut á markað í fyrsta skipti, til að tryggja að efnið eða hluturinn uppfylli kröfur efnalaga og viðeigandi reglugerða settra samkvæmt þeim, og er með þeirri tengingu hnykkð á þeim skyldum sem kveðið er á um í efnalögum og lúta að því að meðferð á hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né umhverfi.

Greinin er sett til innleiðingar á a- og c-lið 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 23. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að í 1. málsl. 2. mgr. verði kveðið á um að kostnaður við uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða teljist hluti af þeim kostnaði við meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir. Mikilvægt er að innviðir séu til staðar til að tryggja rétta meðhöndlun úrgangs og sem dæmi um slíka má nefna innviði til söfnunar og flutnings úrgangs og innviði til endurvinnslu eða endurnýtingu úrgangs. Greinin er sett til innleiðingar á 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Lögð er til sú breyting á 3. málsl. 2. mgr. að í stað þess að sveitarfélögum sé heimilt að miða gjald fyrir meðhöndlun úrgangs við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila, verði sveitarfélögum gert skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við framangreinda þætti.

Í 1. málsl. 2. mgr. laganna er kveðið á um að sveitarfélög skuli innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Tillögð breyting á 3. málsl. er í raun til samræmis við fyrrgreint ákvæði 1. málsl. og hnykkir á því sem eðlilegt er að gildi um innheimtu gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. að gjaldið sé sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu. Slíkt fyrirkomulag telst jafnframt samræmast meginreglu þeirri sem nefnd er greiðsluregla (e. polluter pays principle) en inntak hennar er að sá borgi sem mengi eða sá sem hefur með höndum umsvif sem hafa áhrif á umhverfið. Samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/851 skal greiðslureglan vera lögð til grundvallar við úrgangsstjórnun og í samræmi við regluna skal upphaflegur framleiðandi úrgangsins eða núverandi eða fyrri handhafar úrgangsins bera kostnaðinn af meðhöndlun úrgangsins. Greiðslureglan felur það jafnframt í sér að þess skuli gætt að á framleiðanda eða handhafa úrgangs sé ekki lagður kostnaður í ósamræmi við magn eða eðli þess úrgangs sem hann er ábyrgur fyrir og stenst það einnig á við „borgaðu þegar þú hendir“ kerfi það sem fjallað er um hér síðar.

Þá er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. 23. gr. falli brott. Brottfall ákvæðisins myndi leiða til þess að sveitarfélagi væri ekki lengur heimilt að ákveða gjald við meðhöndlun úrgangs sem fast gjald á hverja fasteignareiningu. Slíkt fyrirkomulag við ákvörðun gjalds þykir ekki til þess fallið að hvetja einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang líkt og lagt er til að þeim verði gert skylt, sbr. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Eðlilegra væri að gjaldheimta fyrir meðhöndlun úrgangs tengdist því sem almenningur væri í raun að henda og þar með skapaðist hagrænn hvati til flokkunar. Þess háttar gjaldheimta væri að auki í samræmi við fyrirkomulag eða kerfi við gjalddöku vegna úrgangs sem kallast „borgaðu þegar þú hendir“ (e. pay-as-you-throw). Í tilskipun (ESB) 2018/851 er slíkt kerfi tiltekið sem dæmi um efnahagslegt stjórnæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til forgangsroðunarinnar við meðhöndlun úrgangs sem fram kemur í

tilskipuninni, sbr. 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Í slíkum kerfum er tekið gjald af framleiðendum úrgangs á grundvelli magns úrgangs sem fellur til í reynd og hvatt til þess að endurvinnanlegur úrgangur sé aðskilinn á myndunarstað og að dregið sé úr magni blandaðs úrgangs. „Borgaðu þegar þú hendir“ kerfi virka sem hagrænn hvati til að draga úr myndun úrgangs og eru talin mikilvæg þegar kemur að því að auka endurvinnslu úrgangs. Útfærsla á gjaldheimtu sem rúmast innan kerfisins gæti falist í því að tengsl væru milli gjalds og magns, rúmmáls eða þyngdar, eða tegundar úrgangsins. Hvað þetta varðar þá má vísa til þekktra leiða til útfærslu kerfisins sem viðhafðar hafa verið með góðum árangri innan Evrópu, sbr. skýrsla sem unnin var fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 2015 þar sem mat var lagt á kerfi sérstakrar söfnunar í 28 höfuðborgum Evrópu. Er þar ýmist um að ræða stýringu á fjölda og stærð íláta og/eða losunartíðni, fjölda sorppoka, eða vigtun úrgangsins á hverju heimilisfangi eða blöndu af þessum leiðum.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að ekki sé eingöngu skylt að beina fræðslu skv. 1. mgr. 24. gr. laganna til almennings heldur einnig til lögaðila. Samhliða því að í frumvarpinu er lagt til að einstaklingum og lögaðilum verði gert skylt að flokka heimilisúrgang og lögaðilum að flokka rekstrarúrgang er brýnt að lögaðilar, líkt og almenningur, verði fræddir um úrgangsforvarnir, meðhöndlun úrgangs og ávinning endurvinnslu.

Um 11. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að tveimur nýjum staflíðum verði bætt við 1. mgr. 43. gr. laganna, til samræmis við nýjar reglugerðarheimildir ráðherra samkvæmt frumvarpi þessu.

Í b-lið er lögð til breyting á bb-lið 1. mgr. laganna til samræmis við aðrar breytingar samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 12. gr.

A-liður greinarinnar er til samræmis við skylduna um sérstaka söfnun á spilliefnum, sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins. Greinin er til innleiðingar á 17. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

B-liður er til innleiðingar á 16. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851 og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 13. gr.

Með greininni verður handhöfum spilliefna, og ef við á seljendum og miðlurum gert skylt að skrá í rafrænt skráningarkerfi upplýsingar um magn, eðli og uppruna spilliefna sem falla til hjá þeim, sem þeir safna, flytja eða meðhöndla á annan hátt. Þannig verður skráningarskyldan ítarlegri en samkvæmt núgildandi ákvæði laganna, sem felur í sér að fyrirnefndir aðilar skuli halda skrá um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra.

Greinin er sett til innleiðingar á 25. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 14. gr.

Í greininni er lagt að skylt verði að safna lífúrgangi sérstaklega og meðhöndla hann í samræmi við 1. mgr. þar sem segir að lífrænn úrgangur skuli meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laganna og í samræmi við forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs. Skyldan til sérstakrar söfnunar á lífúrgangi er í samræmi við þá skyldu til sérstakrar flokkunar sem lögð er til í 6. gr. frumvarps þessa.

Greinin er til innleiðingar á 19. tölul. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2018/851.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2020 og 6. gr. öðlist gildi 1. október 2020. Ekki er lagt til að lögin öðlist gildi um leið og þau hafa verið samþykkt svo þeir aðilar sem frumvarpið hefur áhrif á hafi tíma til að laga sig að breytttri löggjöf.

Um 16. gr.

Í greininni er lögð til breyting á því ákvæði laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða sem kveður á um endurvinnslu umbúða, svo það samræmist þeirri forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum um meðhöndlun úrgangs. Sú breyting þykir nauðsynleg vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis og aukinnar áherslu á að forgangsroðunin sé lögð til grundvallar við meðhöndlun úrgangs.